

## REGLUGERÐ

### um kröfur er varða verklagsreglur og flugáætlanir innan samevrópska loftrýmisins.

## 1. gr.

*Markmið.*

Markmið reglugerðar þessarar er að mæla fyrir um kröfur er varða verklagsreglur um flugáætlanir á undirbúningsstigi flugs til þess að tryggja samræmi milli flugáætlana, endurtækra flugáætlana og tengdra uppfærsluskilaboða milli flugrekenda, flugmanna og flugumferðarþjónustudeilda í gegnum samþætta kerfið fyrir úrvinnslu upphaflegra flugáætlana, annaðhvort á tímabilinu fram að því að fyrsta flugheimild er veitt fyrir flug, sem leggur af stað innan loftrýmisins, sem þessi reglugerð tekur til, eða á tímabilinu áður en önnur flug koma inn í þetta loftrými.

## 2. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um öll flug sem fyrirhugað er að starfrækja eða eru starfrækt í tengslum við almenna flugumferð í samræmi við blindflugsreglur innan loftrýmis Alþjóðaflugmálastofnunarinnar innan Evrópusvæðis (ICAO EUR) og Afríku- og Indlandshafssvæðis (ICAO AFI) þar sem aðildarríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eru ábyrg fyrir því að veita flugumferðarþjónustu.

Reglugerð þessi gildir um eftirfarandi aðila sem tengast afhendingu, lagfæringu, viðtöku og dreifingu flugáætlana:

- a) flugrekendur og fulltrúa þeirra,
- b) flugmenn og fulltrúa þeirra,
- c) flugumferðarþjónustudeildir sem veita almenningsflugi þjónustu í samræmi við blindflugsreglur.

## 3. gr.

*Orðskýringar.*

Vísað er til frekari orða og orðskýringa en hér greinir í reglugerð um flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu nr. 870/2007.

Pegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í reglugerð þessari hafa þau þá merkingu sem hér segir:

**Loftrýmisreglugerðin** (*Airspace Regulation*): Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis á samevrópska flugumferðarsvæðinu. Sjá fylgiskjal IV með reglugerð um flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu nr. 870/2007.

**Rammareglugerðin** (*Framework Regulation*): Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku flugumferðarsvæði, sjá fylgiskjal II með reglugerð um flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu nr. 870/2007.

**Rekstrarsamhæfisreglugerðin** (*Interoperability Regulation*): Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar. Sjá fylgiskjal V með reglugerð um flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu nr. 870/2007.

Nr. 602

6. júní 2008

**Þjónustureglugerðin** (*Service Regulation*): Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu á samevrópska flugumferðarsvæðinu. Sjá fylgiskjal III með reglugerð um flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu nr. 870/2007.

4. gr.

*Innleiðing gerða.*

Með reglugerð þessari öðlast gildi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1033/2006 frá 4. júlí 2006 um kröfur er varða verklagsreglur og flugáætlunar á undirbúningsstigi flugs innan samevrópska lofrýmisins með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins og bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar nr. 134/2006 frá 27. október 2006. Reglugerðin er birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

5. gr.

*Viðurlög.*

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 141. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum.

6. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi sem er sett með heimild í 57. gr. a, 5. mgr. 75. og 76. sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 6. júní 2008.*

**Kristján L. Möller.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

**Fylgiskjal.****REGLUGERD FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1033/2006**

frá 4. júlí 2006

**um kröfur er varða verklagsreglur um flugáætlar á undirbúningsstigi flugs innan samevrópska loftrýmisins**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

skipulag og notkun loftrýmis í samevrópska loftrýminu<sup>(3)</sup>.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska nentsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (rekstrarsamhæfis-reglugerðin)<sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin)<sup>(2)</sup>, einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ýmsar rannsóknir, sem gerðar hafa verið á vegum framkvæmdastjórnarinnar og Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu (Eurocontrol), hafa leitt í ljós að umtalsvert ósamræmi er á milli flugáætlunargagna þeirra aðila, sem sjá um öryggi flugs, einkum milli flugumferðarþjónustudeilda, flugrekenda og flugmannna. Slikt ósamræmi getur haft áhrif á öryggi og skilvirkni evrópska kerfisins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar. Enn fremur myndi aukið samræmi í flugáætlunargögnum stuðla að samfelldum rekstri, styðja við nýjar rekstrarhugmyndir, einkum á svíði flæðisstjórnunar flugumferðar, og auka öryggi. Af þeim sökum er rétt að gera viðeigandi ráðstafanir til að minnka ósamræmi milli flugáætlunargagna.
- 2) Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu hefur fengið umboð, í samræmi við 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004, til að þróa kröfur um flugáætlar á undirbúningsstigi flugs innan samevrópska loftrýmisins. Reglugerð þessi er byggð á skýrslunni sem gefin var út í því sambandi 17. mars 2005.
- 3) Skilgreina skal gildissvæði þessarar reglugerðar með skýrum hætti með vísun til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um

4) Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) hefur skilgreint verklagsreglur fyrir afhendingu, viðtoku og dreifingu flugáætlana sem hrinda skal í framkvæmd til þess að hægt sé að beita þeim á samræmdan hátt innan loftrýmisins í samevrópska loftrýminu. Þessum verklagsreglum skulu fylgja ákvæði sem skylda flugrekendur, flugmenn, flugumferðarþjónustudeildir og ýmsa aðila, sem senda inn flugáætlar, til að tryggja að lykilatriði flugáætlana þeirra haldist stöðug til loka undirbúningsstigs flugs þegar það leggur af stað innan loftrýmisins sem fellur undir þessa reglugerð. Tilgreina skal þessi lykilatriði með skýrum hætti.

5) Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu hefur komið á fót miðstýrðri flugáætlavinnslu- og dreifingarþjónustu sem veitt er í gegnum samþætta kerfið til úrvinnslu upphaflegra flugáætlana (IFPS). Aðildarríkin skulu krafna um að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að samþætt kerfi til úrvinnslu upphaflegra flugáætlana athendi upplýsingar sem stuðla að meiri samræmingu á lykilatriðum flugáætlana.

6) Ef samþætta kerfið til úrvinnslu upphaflegra flugáætlana mótteker ekki neina flugáætlun fyrir flug þegar farið er inn í loftrýmið, sem þessi tilskipun tekur til, frá aðliggjandi loftrýmum getur áhættan verið svipuð þeirri sem stafar af ósamræmi milli flugáætlunargagna sem flugumferðarþjónustudeildir, flugrekendur og flugmenn hafa í fórum sínum fyrir flug sem leggja af stað innan þessa loftrýmis. Í slíkum tilvikum skulu flugumferðarþjónustudeildir láta samþætta kerfinu til úrvinnslu upphaflegra flugáætlana í té viðeigandi fluggög til að koma í veg fyrir þessa áhættu.

7) Með það í huga að viðhalda eða hækka fyrilliggjandi öryggisstig reksursins skal þess krafist af öllum aðildarríkjunum að þau tryggi að hlutadeigandi aðilar framkvæmi öryggismat, þ.m.t. hattugreining, áhættumat og ráðstafanir til að draga úr áhættu.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndar um samevrópskt loftrými sem komið var á fót skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004.

<sup>(1)</sup> Stjóð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26.  
<sup>(2)</sup> Stjóð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjóð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20.

Nr. 602

6. júní 2008

SAMÞYKKT REGLUGERD ÞESSA:

I. gr.

**Efni og gildissvið**

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um kröfur er varða verklagsreglur um flugáætlar á undirbúningsstigi flugs til þess að tryggja samræmi milli flugáætlana, endurtækra flugáætlana og tengdra uppfærsluskilaboða milli flugrekenda, flugmannna og flugumferðarþjónustudeilda í gegnum samþætta kerfið fyrir úrvinnslu upphaflegra flugáætlana, annaðhvort á tímabilinu fram að því að fyrsta flugheimild er veitt fyrir flug, sem leggur af stað innan loftýmisins, sem þessi reglugerð tekur til, eða á tímabilinu áður en önnur flug koma inn í þetta loftými.

2. Þessi reglugerð gildir um öll flug sem fyrirhugað er að starfrækja eða eru starfrækt í tengslum við almenna flugumferð í samræmi við blindflugsreglur innan loftýmisins sem skilgreint er í 3. mgr. I. gr. reglugerðar (EB) nr. 551/2004.

3. Reglugerð þessi gildir um eftirfarandi aðila sem tengast afhendingu, lagfæringu, viðtöku og dreifingu flugáætlana:

- a) flugrekendur og fulltrúa þeirra,
- b) flugmenn og fulltrúa þeirra,
- c) flugumferðarþjónustudeildir sem veita almenningsflugi þjónustu í samræmi við blindflugsreglur.

2. gr.

**Skilgreiningar**

1. Í þessari reglugerð gilda þær skilgreiningar sem settar voru fram í reglugerð (EB) nr. 549/2004.

2. Til viðbótar við skilgreiningarnar, sem um getur í 1. mgr., er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1. „flugáætlun“: tilteknar upplýsingar um fyrirhugað flug loftfars eða hluta þess sem látnar eru flugumferðarþjónustudeildum í té,
- 2. „undirbúningsstig flugs“: tímabilið frá fyrstu afhendingu flugáætlunar þar til fyrsta flugheimild er veitt,
- 3. „endurtæk flugáætlun“: flugáætlun vegna ráðflugs, sem er endurtekið hvað eftir annað og reglulega starfrækt á sama hátt í grundvallaratríðum, sem flugrekandi leggur fram til varðveislu og endurtekinna nota fyrir flugumferðarþjónustudeildir,

4. „flugrekandi“: einstaklingur, stofnun eða fyrirtæki sem stundar eða býðst til að annast rekstur loftfara,

5. „flugumferðarþjónustudeild“: borgaraleg eða hernaðarleg deild sem er ábyrg fyrir að veita flugumferðarþjónustu,

6. „samþætt kerfi til úrvinnslu upphaflegra flugáætlana (IFPS)“: kerfi innan evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar sem veitir, innan loftýmisins sem fellur undir þessa reglugerð, miðstýrða flugáætlananavinnslu- og dreifingarþjónustu sem sér um viðtöku, fullgildingu og dreifingu flugáætlana,

7. „flugheimild“: heimild veitt loftfari til að halda áfram samkvæmt skilyrðum sem flugstjórnardeild tilgreinir,

8. „blindflugsreglur“: blindflugsreglur eins og þær eru skilgreindar í 2. viðauka (<sup>1</sup>) við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningsflug frá 1944,

9. „flugstjórnardeild“: ýmist flugstjórnarmiðstöð, aðflugsstjórnardeild eða flugturn,

10. „lykilatriði flugáætlunar“: felur í sér eftirfarandi þætti flugáætlunar:

- a) auðkenni loftfars,
- b) brottfararfugvvöll,
- c) áætlaðan hlaðfarardag,
- d) áætlaðan hlaðfarartíma,
- e) ákvörðunarflugvvöll,
- f) flugleið að undanskildum verklagsreglum fyrir aðflugssvæði,
- g) farflugshraða og fluglag sem óskað er eftir,
- h) tegund loftfars og flugrastarflokk,
- i) flugreglur og tegund flugs,
- j) búnað loftfars og getu hans,

(<sup>1</sup>) Tíunda útgáfa — júlí 2005 — www.icao.int.

11. „sendandi“: einstaklingur eða stofnun sem sendir flugáætlunar og tengd uppfærsluskilaboð til samþætta kerfisins til úrvinnslu upphaflegra flugáætlana, þ.m.t. flugmenn, flugrekendur og fulltrúar þeirra og flugumferðarþjónustudeildir,
12. „upphafleg flugáætlun“: sú flugáætlun sem sendandi lagði upphaflegra fram, ásamt breytingum ef einhverjar eru, send og samþykkt af flugmönnum, flugrekendum, flugumferðarþjónustudeildum eða miðstýrðu flugáætlananivnslu- og dreifingarþjónustunni á undirbúningsstigi flugs,
13. „auðkenni loftfars“: röð bókstafa, tölustafa eða samsetning þeirra sem er annaðhvort eins og, eða kóðað, kallmerki loftfarsins sem nota á í fjarskiptum milli jarðstöðva og loftfara og til að auðkenna loftfarið í fjarskiptum flugumferðarþjónustu á jörðu niðri,
14. „áætlaður hlaðfarardagur“: sá dagur sem áætlað er að loftfarið hefji flughreyfingar í tengslum við brottför,
15. „áætlaður hlaðfarartími“: sá tími sem áætlað er að loftfarið hefji flughreyfingar fyrir brottför,
16. „verklagsreglur fyrir aðflugssvæði“: staðlaðar blindbrottflugs- og aðflugsleiðir, eins og skilgreint er í verklagsreglum um rekstrarþjónustu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (PANS-OPS, skjal 8168, 1. bindi, 4. útg. 1993 með breytingu nr. 13).

3. gr.

#### Kröfur um rekstrarsamhefi og afköst

1. Ákvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem tiltekin eru í viðaukanum, gilda um afhendingu, viðtöku og dreifingu flugáætlana fyrir öll flug, sem falla undir þessa reglugerð og allar breytingar á lykilatriðum flugáætlunar á undirbúningsstigi flugs, í samræmi við þessa reglugerð.

2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þegar samþætta kerfið til úrvinnslu upphaflegra flugáætlana mótekur flugáætlun eða breytingu þar á skulu þau:

- kanna hvort áætlunin uppfylli venjur um snið og gögn,
- kanna hvort hún sé fullfrágengin og, eftir því sem unnt er, hvort hún sé nákvæm,
- grípa til aðgerða, ef nauðsyn krefur, til að flugumferðarþjónustan geti samþykkt hana og

d) tilkynna sendanda að flugáætlunin eða breytingar á henni hafi verið samþykktar.

3. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að samþætta kerfið til úrvinnslu upphaflegra flugáætlana sendi öllum flugumferðarþjónustudeildum, sem flugið hefur áhrif á, samþykktu flugáætlun og allar samþykktar breytingar á lykilatriðum flugáætlunarinnar á undirbúningsstigi flugs ásamt tengdum uppfærsluskilaboðum.

4. Þegar sendandinn er ekki flugrekandi eða flugmaður skal hann tryggja að skilyrðin fyrir samþykkt flugáætlunar og allra nauðsynlegra breytinga á þessum skilyrðum, sem samþætta kerfið til úrvinnslu upphaflegra flugáætlana tilkynnir, séu gerð aðgengileg fyrir þann flugrekanda eða flugmann sem lagði fram flugáætlunina.

5. Flugrekandinn skal tryggja að skilyrðin fyrir samþykkt flugáætlunar og allra nauðsynlegra breytinga á henni, sem samþætta kerfið til úrvinnslu upphaflegra flugáætlana hefur tilkynnt sendanda, verði tekin upp í fyrirhuguðu flugi og tilkynnt flugmanninum.

6. Flugrekandinn skal tryggja, áður en flug hefst, að innihald upphaflegu flugáætlunarinnar gefi rétta mynd af fyrirhuguðu flugi.

7. Á undirbúningsstigi flugs skulu flugstjórnardeildir tilkynna, í gegnum samþætta kerfið til úrvinnslu upphaflegra flugáætlana, allar nauðsynlegar breytingar, sem hafa áhrif á flugleið eða fluglag, eða önnur lykilatriði flugáætlunar, sem gætu haft áhrif á öryggi flugs, að því er varðar flugáætlunar og tengd uppfærsluskilaboð sem þær hafa áður fengið frá samþætta kerfinu til úrvinnslu upphaflegra flugáætlana.

Flugstjórnardeild skal hvorki gera neinar aðrar breytingar á flugáætlun né afturkalla hana á undirbúningsstigi flugs án samráðs við flugrekandann.

8. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að samþætta kerfið til úrvinnslu upphaflegra flugáætlana tilkynni sendanda flugáætlunarinnar um allar nauðsynlegar breytingar, sem um getur í fyrstu undirgrein 7. mgr., sem gerðar eru á undirbúningsstigi flugs.

9. Þegar flugumferðarþjónustudeildum hefur ekki áður borist flugáætlun frá samþætta kerfinu til úrvinnslu upphaflegra flugáætlana fyrir flug, sem fer inn í lofrými sem er á ábyrgð þeirra, skulu viðkomandi deildir, í gegnum fyrrgreint samþætt kerfi, gera upplýsingar um auðkenni loftfars, tegund loftfars, komustað inn á ábyrgðarsvæði þeirra, tíma og fluglag á þessum stað, flugleið og ákvörðunarflugvöll loftfars tiltækar.

4. gr.

#### Öryggiskröfur

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að fram fari öryggismat, þ.m.t. hættugreining, áhættumat og ráðstafanir til að draga úr áhettu, áður en gerðar eru breytingar á gildandi verklagsreglum fyrir flugáætlunar á undirbúningsstigi flugs, sem falla undir þessa reglugerð, og áður en nýjar verklagsreglur eru settar.

5. gr.

**Viðbótarkröfur**

1. Flugumferðarþjónustudeildir skulu tryggja að starfsfólk í þeim sem tengist gerð flugáætlana, verði kynnt viðeigandi ákvæði þessarar reglugerðar á tilhlýðilegan hátt og að það fái fullnægjandi þjálfun til að gegna starfi sínú.
2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að starfsfólk í samþætta kerfisins til úrvinnslu upphaflegra flugáætlana, sem tengist gerð flugáætlana, verði kynnt viðeigandi ákvæði þessarar reglugerðar á tilhlýðilegan hátt og að það fái fullnægjandi þjálfun til að gegna starfi sínú.
3. Flugumferðarþjónustudeildir skulu:

  - a) þróa og viðhalda flugrekstrarhandbókum, sem innihalda nauðsynlegar leiðbeiningar og upplýsingar til að gera starfsfólk, sem sinnir þjónustunni, kleift að beita ákvæðum þessarar reglugerðar,
  - b) tryggja að handbækurnar, sem um getur í a-lið, séu aðgengilegar og uppfærðar og að uppfærslu og dreifingu þeirra sé stýrt á viðeigandi hátt að því er varðar gæði og gagnaútfærslu,
  - c) tryggja að vinnumáferðirnar og verklagsreglurnar séu í samræmi við viðeigandi ákvæði sem tiltekin eru í þessari reglugerð.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. júlí 2006.

4. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að miðstýrða flugáætlunarinnslu- og dreifingarþjónustan:

- a) þrói og viðhaldi flugrekstrarhandbókum sem innihalda nauðsynlegar leiðbeiningar og upplýsingar til að gera starfsfólk, sem sinnir þjónustunni, kleift að beita ákvæðum þessarar reglugerðar,
- b) tryggi að handbækurnar, sem um getur í a-lið, séu aðgengilegar og uppfærðar og að uppfærslu og dreifingu þeirra sé stýrt á viðeigandi hátt að því er varðar gæði og gagnaútfærslu,
- c) tryggi að vinnumáferðirnar og verklagsreglurnar séu í samræmi við viðeigandi ákvæði sem tiltekin eru í þessari reglugerð.

5. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar.

6. gr.

**Gildistaka og beiting**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 2009.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,  
Jacques BARROT  
varaforseti.*

**VIDAUKI****Ákvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem um getur í 1. mgr. 3. gr.**

1. Liður 3.3 í 3. kafla (flugáætlunar) úr 2. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar; Flugreglur (10. útg., júlí 2005).
2. Ákvæði 4. liðar í 4. kafla (flugáætlun) og liðar 11.4.2.2 í 11. kafla (skráð flugáætlunarskilaboð og tengd uppfærsluskilaboð) úr PANS-ATM skjali 4444 (14. útg. 2001) Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.
3. Ákvæði 3. kafla (flugáætlunar) og liður 14.1.4 í 14. kafla (áætlun fyrir mörk flugupplýsingasvæðis) úr svæðisbundnum viðbótarverklagsreglum, skjal 7030/4; EUR, 1. hluti, Flugreglur, flugumferðarþjónusta og leit og björgun (4. útg. 1987 með breytingu nr. 210).

B-deild – Útgáfud.: 25. júní 2008